



## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Allsherjarnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til almennra hegningarlaga, 353 mál, brot í opinberu starfi**

### **Almennar athugasemdir**

Með bréfi dags. 27. nóvember sendi allsherjarnefnd Alþingis Landssambandi lögreglumanna frumvarp til almennra hegningarlaga, 353. mál, brot í opinberu starfi til umsagnar.

Landssamband lögreglumanna þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum að.

Þær breytingar sem að frumvarpið gerir ráð fyrir og snúa helst að lögreglumönnum koma fram í 2. 3. og 4. gr. frumvarpsins

### **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins**

#### **Um 2. gr. (breyting á 131. gr. hgl)**

Sú breyting sem að þarna er gerð snýr að ónákvæmni sem að gerð hefur verið í þýðingu og mun þannig leit koma inn í stað rannsóknar. Landssamband lögreglumanna gerir ekki athugasemdir við þessa breytingu.

#### **Um 3. gr. (breyting á 132. gr. hgl)**

Landssamband lögreglumanna telur að þær breytingar sem að snúa að 132. hgl séu til þess fallnar að gera ákvæðið skýrara og gera engar athugasemdir við breytinguna.

#### **Um 4. gr. (breyting á 133. gr. hgl.)**

Með breytingu á 133. gr. hgl þá er leitast við að rýmka ákvæðið frá því sem að gildir í dag. Ákvæðið í dag virt heilstætt nær einungis til afplánunarfanga en ekki til þeirra sem að sitja í gæsluvarðhaldi eða þeirra sem að eru vistaðir í fangageymslu án þess að gæsluvarðhaldsúrskurður liggi fyrir. Þegar um það er að ræða að fangar sitja í gæsluvarðhaldi og þá sérstaklega þegar aðilar eru vistaðir í fangageymslu án þess að

## LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA


gæsluvarðhaldsúrskurður liggja fyrir koma lögreglumenn mjög oft að því að gæta fangana. Þannig snýr rýmkun refsiábyrgðar þeirra sem að lagagreinin mælir fyrir um mjög að störfum lögreglumanna.

Í lang flestum tilvikum þegar um vistun í fangageymslu er að ræða þá liggur enginn gæsluvarðhaldsúrskurður fyrir og ekki er fyrirhugað að gerðar verði kröfur um gæsluvarðhald. Vistunin er þá oft tilkomin vegna ölvunar eða óspekta og ákvörðun tekin af lögreglu að fólk er látið "sofa úr sér". Landssamband lögreglumanna telur varhugavert ef að ætlunin er að láta rýmkun ákvæðisins ná til þess. Þá myndi refsiábyrgð liggja við því hjá almennum lögreglumanni ef hann sleppti t.d. fanga of snemma út án þess að hafa fengið til þess leyfi yfirmanns. Landssamband lögreglumanna veltir því upp hvaða verndarhagsmuni er verið að vernda með þess konar breytingu þegar um fanga er að ræða sem að ekki verða leiddir fyrir dómara heldur eru vistaðir einvörðungu skamman tíma samkvæmt ákvörðun lögreglu. Ef lögreglumaður myndi hleypa slíkum fanga út án þess að hafa til þess leyfi þá er um augljóst brot á starfsskyldum hans að ræða. Þar myndu lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna nr. 76/1996 um áminningu eða eftir atvikum lausn um stundarsakir sbr. 26. gr. laganna taka á slíkum brotum lögreglumanns en óljóst er um þörfina fyrir sektir eða fangelsi.

Landssamband lögreglumanna telur eðlilegt að nefndin hugi að því að breyta orðalaginu þannig að þau tilvik sem hér að framan eru nefnd falli augljóslega ekki undir lagagreininna og undanþegið lagagreininni verði allur sá fjöldi fanga sem að gistir fangaklefa lögreglunar t.d. vegna ölvunar eða óspekta og ljóst er að engin krafa verði gerð um gæsluvarðhaldsúrskurð. Þannig telur Landssamband lögreglumanna að skýrar þurfi að koma fram í athugasemdum með 4. gr. að rýmkunin nái einvörðungu til þess þegar um gæsluvarðhaldsfanga er að ræða eða þegar um vistun er að ræða í þágu rannsóknar.

Vegna framanritaðs telur Landssamband lögreglumanna mjög óeðlilegt að þau tilvik sem hér að framan eru nefnd valdi refsiábyrgð og sér ekki þá þjóðfélagshagsmuni að refsað verði skv. hegningarlögum vegna slíkra brota í starfi. Þannig telur Landssamband lögreglumanna að brot sem þessi eigi ekki að vera refsiverð heldur sé um að ræða brot sem að 26. gr. laga 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um áminningu og eftir atvikum lausn um stundarsakir tekur á. Þá má geta ákvæðis 141. gr. hgl sem að hægt væri að beita í undantekningartilvikum.

Virðingarfyllst

  
Grétar Jónasson hdl.,  
framkvæmdastjóri LL